

## Frumvarp til bókasafnalaga

### I. kafli.

#### Tilgangur og gildissvið

##### 1. gr.

###### *Tilgangur.*

Tilgangur laga þessara er að efla starfsemi og samvinnu bókasafna í því augnamiði að tryggja varðveislu þess menningararfs sem þau hafa að geyma og jafnframt til að bókasöfn geti sem best gegnt því hlutverki sínu að vera þekkingarveitur fyrir alla landsmenn sem halda uppi virkri og fjölpætri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála.

##### 2. gr.

###### *Gildissvið.*

Til bókasafna samkvæmt lögum þessum teljast Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, Hljóðbókasafn Íslands svo og háskólabókasöfn, almenningsbókasöfn, bókasöfn framhalds- og grunnskóla, sérfræðisöfn og bókasöfn í stofnunum sem reknar eru af ríki eða sveitarfélögum.

Þessi söfn mynda sameiginlega bókasafnakerfi landsins. Þau skulu, eftir því sem við á, taka þátt í samstarfi bókasafna og safnkostur þeirra skal vera aðgengilegur öllum landsmönnum.

### II. kafli.

#### Skipulag

##### 3. gr.

###### *Yfirstjórn.*

Ráðherra hefur yfirumsjón með stefnumörkun og samræmingu í starfsemi bókasafna sem undir lög þessi falla.

Bókasafnaráð er ráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni bókasafna.

##### 4. gr.

###### *Bókasafnaráð.*

Ráðherra skipar bókasafnaráð til fjögurra ára í senn. Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna, samtök sérfræðisafna, Upplýsing – Félag bókasafns- og upplýsingafræða og Samband íslenskra sveitarfélaga tilnefna hvert sinn fulltrúa í ráðið, og einn fulltrúi er skipaður án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ekki er heimilt að skipa saman mann aðalfulltrúa í bókasafnaráði lengur en tvö samfelld starfstímabil.

Ráðherra skipar formann og varaformann úr hópi stjórnarmanna.

Landsbókavörður og forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands sitja fundi bókasafnaráðs með málfrelsi og tillögurétt.

Kostnaður af starfsemi bókasafnaráðs greiðist úr ríkissjóði.

##### 5. gr.

###### *Hlutverk bókasafnaráðs.*

Bókasafnaráð hefur eftirfarandi hlutverk:

1. að vinna að stefnumörkun um starfsemi bókasafna í samvinnu við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn sem send er ráðherra til samþykktar,
2. að setja reglur söfnun og úrvinnslu tölfraðilegra upplýsinga um bókasöfn á Íslandi sem ráðherra staðfestir,
3. að setja bókasafnasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir,
4. að veita umsögn um styrkumsóknir úr bókasafnasjóði,
5. að sinna öðrum verkefnum á sviði málefna bókasafna samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

### **III. kafli.**

#### **Bókasöfn og starfsemi þeirra**

##### **6. gr.**

###### *Markmið og hlutverk.*

Bókasöfn eru þjónustustofnanir sem starfa í þágu almennings og eigenda sinna og eru ekki rekin í hagnaðarskyni. Sameiginlegt markmið bókasafna, sem undir lög þessi falla, er að veita landsmönnum aðgang að fjölbreyttu safnefni og upplýsingum á mismunandi formi. Þau skulu efla menningar- og vísindastarfsemi, menntun, símenntun, atvinnulíf, íslenska tungu, lestraráhuga og upplýsingalæsi.

Hlutverk bókasafna er að jafna aðgengi landsmanna að menningu og þekkingu. Áhersla skal lögð á að safnkostur bókasafna endurspegli sem flest sjónarmið.

##### **7. gr.**

###### *Flokkar safna.*

Landsbókasafn Íslands er forystusafn bókasafna landsins. Það stuðlar að safmstarfi, samræmingu og þróun starfshátta bókasafna og veitir öðrum söfnum faglega ráðgjöf, sinnir rannsóknum á sviði bókfræði, bóksögu og bókasafns- og upplýsingafræði og öðrum verkefnum samkvæmt lögum um Landsbókasafn Íslands.

Almenningsbókasöfn eru menningar-, upplýsinga- og menntastofnanir reknar af sveitarfélögum. Allir landsmenn skulu eiga kost á að njóta þjónustu almenningsbókasafna.

Öllum sveitarfélögum er skylt að standa að slíkri þjónustu í samræmi við þessi lög.

Hlutverk skólabókasafna er að vera upplýsingamiðstövar fyrir nemendur og kennara. Þau skulu búin bókum og nýsigögnum auk annars safnskost sem tengist námsgreinum skóla. Í starfsemi skólabókasafna skal meðal annars leggja áherslu á að þjálfa nemendur og starfsfólk skóla í sjálfstæðri leit upplýsinga.

Sérfræðisöfn og bókasöfn stofnana sem reknar eru af ríki eða sveitarfélögum skulu vera þekkingarmiðstöðvar á þeim sviðum sem þau eru helguð.

##### **8. gr.**

###### *Stjórn almenningsbókasafna.*

Fyrir hverju almenningsbókasafni skal vera stjórn, kjörin af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum. Skipunartími stjórnar skal vera hinn sami og kjörtímabil sveitarstjórnar. Sveitarstjórn er heimilt að skipa eina bókasafnsstjórn fyrir öll almenningsbókasöfn sem rekin eru af sveitarfélaginu, eða fela fastanefnd samkvæmt samþykktum sveitarfélags að fara með málefni almenningsbókasafna.

Stjórn bókasafns skal gæta þess að þar sé unnið í samræmi við lög og reglugerðir og eftir faglegum viðmiðunum á sviði bókasafna- og upplýsingamála.

## **9. gr.**

### *Sameining almenningsbókasafna.*

Sveitarfélögum er heimilt að sameinast um rekstur almenningsbókasafns í samræmi við sveitarstjórnarlög. Standi sveitarfélög saman að rekstri bókasafns skal í samstarfssamningi kveðið á um skiptingu kostnaðar, aðild hvers sveitarfélags að stjórn og um verkefni stjórnarinnar.

## **10. gr.**

### *Sameining almennings- og skólabókasafna.*

Heimilt er að reka almenningsbókasafn og skólabókasafn grunnskóla saman, enda sé gerður um það skriflegur samstarfssamningur milli bókasafnsstjórnar og skólanefndar með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna.

Einnig er heimilt að stofna til samningsbundins rekstrar- eða þjónustusamstarfs milli almenningsbókasafns og bókasafns við skóla á framhaldsskóla- eða háskólastigi þar sem slík tilhögun telst henta vegna sérstakra aðstæðna.

Við sameiginlegan rekstur skóla- og almenningsbókasafna skal gera ráð fyrir greiðum aðgangi almennings að þjónustu safnsins utan skólatíma og leitast við að gæta hagsmuna allra notendahópa.

## **11. gr.**

### *Starfsfólk og búnaður.*

Forstöðumaður bókasafns skal, ef þess er kostur, hafa lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði. Tryggja skal eftir föngum að bókasöfnin hafi á að skipa starfsfólki með sérmenntun sem hæfir verksviði safnanna.

Búnaður bókasafna, húsnæði og safnkostur skal taka mið af hlutverki þeirra hvers um sig.

## **12. gr.**

### *Aðgangur og samstarf.*

Sérfræði-, stofnana- og skólabókasöfn geta sett nánari reglur um afnot af sínum safnkosti og meðal annars takmarkað aðgang almennings að honum. Slíkum söfnum er heimilt að krefja lánþega um tryggingarfé ef sérstök ástæða þykir til.

Til að rækja hlutverk sitt er bókasöfnum heimilt að hafa með sér samstarf um þjónustu við notendur, og að gera þjónustu- og samstarfssamninga sín á milli.

## **13. gr.**

### *Þjónustusamningar.*

Ráðherra er heimilt að gera þjónustusamninga við tiltekin bókasöfn eða aðra um sértæka þjónustu á ákveðnum sviðum, að fenginni umsögn bókasafnaráðs. Í slíkum samningum skulu verkefni skilgreind, stjórnun þeirra, lengd samningstíma og hvernig greiðslum til bókasafna vegna þjónustunnar og úttekt á árangri viðkomandi verkefna skuli háttáð.

## **14. gr.**

### *Tölfræðilegar upplýsingar.*

Bókasöfn skulu árlega láta í té skýrslu til ráðuneytisins um fjármál sín og starfsemi í samræmi við reglur, sem bókasafnaráð setur þar að lútandi og ráðherra staðfestir.

Ráðuneytinu er heimilt að fela öðrum aðilum með þjónustusamningi að hafa umsjón með söfnun og úrvinnslu tölfræðilegra upplýsinga um bókasöfn á Íslandi í samræmi við ofangreindar reglur.

## **IV. kafli.** **Hljóðbókasafn Íslands**

### **15. gr.**

#### *Hlutverk.*

Hljóðbókasafn Íslands er í eigu ríkisins og fer ráðherra með yfirstjórn þess.

Hlutverk safnsins er að sjá þeim, sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt, fyrir bókasafnsþjónustu með miðlun á fjölbreyttu safnefni, þar á meðal námsgögnum, í sem bestu samræmi við óskir og þarfir notenda.

Safnið skal hafa samstarf við aðila sem standa að skipulagningu bókasafnmála, þá sem vinna að framleiðslu og dreifingu námsefnis og þá sem starfa að málefnum blindra og sjónskertra og annarra hópa fatlaðra sem njóta þjónustu safnsins. Til að rækja hlutverk sitt sem best er safninu heimilt að gera þjónustu- og samstarfssamninga þar að lútandi við slíka aðila.

Kostnaður við starfsemi Hljóðbókasafns Íslands greiðist úr ríkissjóði eftir því sem ákveðið er í fjárlögum. Tekjum safnsins skal varið í þess þágu.

### **16. gr.**

#### *Forstöðumaður.*

Ráðherra skipar forstöðumann Hljóðbókasafns Íslands til fimm ára í senn. Skal forstöðumaður hafa háskólamenntun og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins.

Forstöðumaður stjórnar starfsemi og rekstri safnsins. Hann ræður starfsmenn þess og er í fyrirsvari fyrir safnið.

## **V. kafli.**

### **Fjármál bókasafna**

### **17. gr.**

#### *Framlög til bókasafna.*

Framlög til almenningsbókasafna skulu ákveðin í árlegri fjárhagsáætlun sérhvers sveitarfélags.

Framlög til bókasafna í skólum, stofnunum og sérfræðisafna skulu ákveðin í árlegri fjárhagsáætlun viðkomandi skóla, stofnana eða eigenda sérfræðibókasafna.

Gjafir og fjárframlög til bókasafna eru frádráttarbær til skatts í samræmi við ákvæði laga um tekjuskatt, nr. 90/2003 með áorðnum breytingum.

### **18. gr.**

#### *Gjaldtökuheimildir.*

Bókasöfnum er heimilt að innheimta gjöld fyrir þjónustu sína, svo sem útlánastarfsemi, millisafnalán, afritun, fjölföldun, ljósmyndun, sérfræðilega heimildapjónustu, heimildaleit í gagnagrunnum og útlán á sérstökum safnkosti.

Hvert safn setur gjaldskrá um alla gjaldtöku skv. 1. mgr. að fengnu samþykki bókasafnsstjórnar. Umrædd gjöld skulu ekki verða hærri en raunkostnaður viðkomandi safns vegna þjónustunnar og er ætlað að standa straum af eftirfarandi kostnaðarþáttum við hana:

- a. launum starfsfólks sem sinnir þjónustunni,
- b. sérstökum efniskostnaði vegna þjónustunnar.

Bókasöfnum er heimilt að innheimta dagsektir fyrir afnot safnefnis fram yfir skilafrest og bætur fyrir safnefni sem glatast eða skemmist í meðförum notenda. Hvert safn setur sér reglur um innheimtu dagsekta og bóta að fengnu samþykki bókasafnsstjórnar. Skal í þeim kveðið á

um að dagsektir sem lagðar eru á hvern lánþega vegna tiltekins safnefnis, eða bætur sem innheimtar eru vegna þess, megi mest nema innkaupsverði viðkomandi efnis. Þá er bókasafni heimilt að mæla fyrir um að sé safnefni ófáanlegt skuli verið metið að álitum og það lagt til grundvallar við ákvörðun bóta eða sekta, eftir atvikum með allt að 50% álagi á sektir eða bætur ef um mikilvægt efni er að ræða.

Gjaldskrár skv. 2. og 3. mgr. skal birta notendum á aðgengilegan hátt.

## **VI. kafli.**

### **Bókasafnasjóður**

#### **19. gr.**

*Hlutverk og skipulag.*

Bókasafnasjóður hefur það hlutverk að efla starfsemi bókasafna sem falla undir lög þessi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreindar rannsóknir og þróunar- og samstarfsverkefni á sviði bókasafna- og upplýsingamála. Sjóðnum er einnig heimilt að styrkja önnur verkefni til að efla faglegt samstarf bókasafna, m.a. alþjóðleg samstarfsverkefni sem bókasöfn, sem undir lög þessi falla, taka þátt í.

Tekjur sjóðsins eru:

- a. framlag ríkissjóðs eftir því sem ákveðið er í fjárlögum,
- b. önnur framlög,

#### **20. gr.**

*Styrkveitingar.*

Styrkir úr bókasafnasjóði eru ákveðnir í samræmi við úthlutunarreglur sjóðsins, sbr. 3. lið 5. gr.

Heimilt er að krefjast endurgreiðslu hafi verkefni sem hlotið hefur styrk ekki verið unnið í samræmi við umsókn og þau gögn sem styrkveiting var byggð á, hafi verkefnið ekki verið unnið samkvæmt skilmálum sjóðsins eða lokaskýrslu ekki verið skilað innan árs frá áætluðum lokum verkefnis.

Ráðherra úthlutar styrkjum úr bókasafnasjóði að fengnum tillögum bókasafnaráðs.

Styrkir úr bókasafnasjóði eru undanþegnir tekjuskatti.

## **VII. kafli.**

### **Önnur ákvæði**

#### **21. gr.**

*Setning reglugerða.*

Menntamálaráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laganna í heild eða einstaka hluta þeirra.

#### **22. gr.**

*Gildistími.*

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2013. Frá þeim degi falla úr gildi lög um almenningsbókasöfn nr. 36/1997 og lög um Blindrabókasafn Íslands nr. 35/1982.

## GREINARGERÐ UM FRUMVARPI TIL BÓKASAFNALAGA

Menntamálaráðherra skipaði þann 24. júní 2003 nefnd sem einkum var falið að kanna hvort hagkvæmt væri að setja heildarlög sem gætu tekið til allra tegunda bókasafna og skilgreina hlutverk og stöðu þeirra í safnakerfi landsins. Nefndinni var einnig falið að skilgreina stöðu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem forystusafns allra bókasafna landsins og fjalla um lög um almenningsbókasöfn með tilliti til þessa.

Í nefndinni áttu sæti: Þóra Óskarsdóttir sérfræðingur, formaður nefndarinnar, skipuð án tilnefningar, Kristbjörg Stephensen lögfræðingur, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Marta Hildur Richter forstöðumaður, tilnefnd af Samtökum forstöðumanna almenningsbókasafna, Sigrún Klara Hannesdóttir landsbókavörður, tilnefnd af Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni og Þórdís T. Þórarinsdóttir forstöðumaður, tilnefnd af Upplýsingu – Félagi bókasafns- og upplýsingafræða.

Nefndin skilaði af sér 13. janúar 2004 og lagði fram þrjár tillögur að nýjum frumvörpum ásamt greinargerð með athugasemdum:

1. Tillögu að frumvarpi til bókasafnalaga.
2. Tillögu að frumvarpi til laga um almenningsbókasöfn.
3. Tillögu að frumvarpi til laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Niðurstaða menntamálaráðuneytis eftir að tillögu nefndarinnar höfðu verið til skoðunar varð sú að heppilegast væri að setja ein heildarlög um starfsemi almenningsbókasafna, skólabókasafna og Blindrabókasafns Íslands. Í bréfi dags. 20. janúar 2006 var þess óskað að nefndin endurskoðaði tillögu sínar með tilliti til þess að sett yrðu ein heildarlög um bókasafnamál.

Vegna anna treysti Kristbjörg Stephensen sér ekki til að starfa áfram með nefndinni og var Jana Friðfinnsdóttir lögfræðingur, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, skipuð í nefndina. Að öðru leyti var nefndin óbreytt.

Í starfi sínu hafði nefndin eftir því sem kostur var samráð við forstöðumenn allra safna- tegunda og leitaði sem víðast heimilda og fyrirmynda og aðlagði þær íslenskum aðstæðum.

### *Almennar athugasemdir*

Eftirfarandi heildarlög gilda nú um bókasöfn:

- Lög um almenningsbókasöfn nr. 36/1997.
- Lög um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn nr. 142/2011 og reglugerð um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn nr. 706/1998 ásamt síðari breytingum.
- Lög um Blindrabókasafn Íslands nr. 35/1982 ásamt síðari breytingum og reglugerð um Blindrabókasafn Íslands nr. 799/2002.
- Lög um bókasöfn prestakalla nr. 17/1931.

Auk þess er fjallað um bókasöfn í eftirfarandi ákvæðum annarra laga:

- 20. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008,
- 39. gr. a. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008,
- E. lið 1. mgr. 2. gr. laga um Listasafn Íslands nr. 58/1988,

Loks er vísað til bókasafna í ákvæðum ýmissa fleiri laga, án þess að þau hafi áhrif á viðfangsefni þessarar lagasetningar (m.a. í lögum um utanríkisþjónustu Íslands, nr. 39/1971, í höfundalögum, nr. 73/1972, í lögum um Þjóðskjalasafn Íslands, nr. 66/1985, um Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, nr. 40/2007, um bókmenntasjóð, nr. 91/2007, o.fl.). Nokkur bókasöfn í háskólum og flest bókasöfn í opinberum stofnunum eru nú utan laga og

reglugerða, auk þess sem aðeins eru ákvæði um samstarf safna og samvinnu í lögum um almenningubókasöfn og lögum um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

Árið 1997 voru sett ný lög um almenningubókasöfn. Með setningu laganna var fellt niður ákvæði um bókafulltrúa ríkisins í menntamálaráðuneyti, sem annaðist málefni almenningubókasafna, en þess í stað kveðið á um í 11. gr. laganna tiltekið forystuhlutverk Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns í málefnum bókasafna sbr. 15. mgr. 7. gr. þágildandi laga um það safn, nr. 71/1994: „*Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn stuðlar að samræmingu starfshátta í íslenskum bókasöfnum, veitir þeim faglega ráðgjöf og á við þau samstarf, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um stofnunina og reglugerð á grundvelli þeirra.*“

Nú, rúmum áratug síðar, hafa ýmsar forsendur lagasetningar á þessu sviði breyst:

- Stórstígar framfarir hafa orðið í upplýsingatækni sem hafa haft víðtæk áhrif á starfshætti og samstarfsmöguleika bókasafna.
- Hugmyndir um heildstæða bókasafnsþjónustu (*seamless library service*) eru mjög að ryðja sér til rúms í samfélaginu.
- Sameining sveitarfélaga og aukið samstarf þeirra á ýmsum sviðum hefur breytt rekstrargrundvelli margra almenningubókasafna og skólasafna.
- Sameiginlegt bókasafnskerfi fyrir allt landið, [www.gegnir.is](http://www.gegnir.is), hefur verið tekið í notkun. Kerfið skiptist í þrettán stjórnunareiningar og raðast söfnin á höfuðborgarsvæðinu saman eftir safnategundum, en utan höfuðborgarsvæðisins eru allar safnategundir saman í fjórum landshlutaeyningum.
- Kominn er landsaðgangur að gagnagrunnum og tímaritum með samvinnu allra safnategunda í landinu, sjá [www.hvar.is](http://www.hvar.is).
- Þá hefur verið opnaður nýr leitarvefur fyrir efni allra bókasafna landsins og ýmissa annarra gagnasafna, sem stefnt er að því að eflist enn frekar í framtíðinni, sjá [www.leitir.is](http://www.leitir.is).
- Ný lög hafa tekið gildi um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, nr. 142/2011.

Það viðhorf hafði lengi verið algengt meðal bókasafns- og upplýsingafræðinga að sérhver safnategund væri svo sérstök að hún hefði fátt til annarra bókasafna að sækja. Þetta viðhorf hefur breyst hratt undanfarin ár á sama tíma og sú skoðun hefur nú rutt sér til rúms að aukin samvinna bókasafna muni leiða til betri þjónustu og betri nýtingar á safnefni, sérstaklega þegar horft er til náms og símenntunar, og upplýsingasamfélagið krefst þess að öll bókasöfn landsins séu þátttakendur í vel skipulagðri upplýsinga- og þekkingarveitu. Almennt má því segja að áhersla fagaðila sé nú á samvinnu og samstarf safna og þar af leiðandi er eðlilegt að setning heildarlaga um bókasöfn sé ofarlega á baugi bæði hér á landi og í nágrennalöndunum.

Í Danmörku voru árið 2000 samþykkt ný lög, *Lov om biblioteksvirksomhed*, sem fjalla um öll opinber bókasöfn og hlutverk ríkisins í bókasafnakerfinu. Þar er m.a. kveðið á um samvinnu og samstarf safnanna og millisafnalán.

Athyglisverðar tilraunir til samþættingar stjórnsýslu bókasafna, skjalasafna og annarra safna hafa verið gerðar undanfarinn áratug. Í Noregi var um aldamótin stofnað til *ABM-utvikling. Statens senter for arkiv, bibliotek og museer*, þar sem reynt var að móta sameiginlega framtíðarstefnu á þessum sviðum. Niðurstaðan varð sú að leggja þetta samþætta kerfi niður, og færa þau verkefni sem snéru að málefnum bókasafna til *Nasjonalbiblioteket* frá 1. júlí 2010. Samskonar stofnun var komið á fót árið 2000 í Bretlandi; *Resource: The Council for Museums, Archives and Libraries*, þar sem stefnt var að aukinni samvinnu þessara þriggja safnategunda. Þar hefur skipulagi mála einnig verið breytt, en frá 1. október sl. hefur *Arts Council England* tekið við flestum verkefnum stofnunarinnar á sviði málefna bókasafna og almennra safna, en verið er að leggja stofnunina niður. Það virðist því ljóst að tilraunir til samþættingar stjórnsýslu of stórra sviða hafa ekki gefið þann árangur sem stefnt var að.

Árið 2001 voru sett *safnalög nr. 106/2001* sem taka til allra lista- og minjasafna (menningarminja- og náttúruminjasafna) og hafði nefndin sem undirbjó þetta frumvarp til bókasafnalaga þau m.a. til hliðsjónar við vinnu sína. Einnig hafði hún til hliðsjónar *Guidelines on Library Legislation and Policy in Europe: A User Guide. Strasbourg: Council of Europe/Eblida, 1998* ásamt norrænum lögum og reglugerðum á þessu sviði.

Við frekari vinnslu frumvarpsins í menntamálaráðuneyti var leitast við að samhæfa uppsetningu þess og framsetningu efnisatriða við önnur lög, m.a. leiklistarlög, lög um bókmenntasjóð og nýsamþykkt lög um Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn, sem og ný safnalög og frumvörp til laga um menningarminjar, þannig að um sé að ræða svipaða heildarlöggjöf og þar er mælt fyrir um í hverjum málaflokki fyrir sig.

Helstu nýmæli í fyrirliggjandi tillögu að frumvarpi til bókasafnalaga eru:

- Taldar eru upp taldar allar tegundir bókasafna sem eru reknar fyrir opinbert fé og kveðið á um samstarf þeirra og samvinnu og að þau séu hluti af bókasafnakerfi landsins.
- Með því að fella niður gildandi lög um almenningsbókasöfn er m.a. horfið frá því að landinu sé skipt í bókasafnsumdæmi og að í hverju umdæmi sé starfandi umdæmissafn. Nefndin telur þessi ákvæði gildandi laga um bókasafnsumdæmi og umdæmissöfn úrelt og óþörf í ljósi þróunar samvinnu bókasafna. Þess í stað er mælt fyrir um samstarf safna og hugsanlegan samrekstur þar sem slíkt þykir henta.
- Einnig eru felld út ákvæði um bókasöfn í sjúkrahúsum, dvalarheimilum aldraðra og í fangahúsum, þar sem ekki þykir ástæða til að kveða á um þjónustu í slíkum stofnunum í lögum sem þessum.
- Þá er nýmæli að lagt er til að stofnað verði bókasafnaráð sem skuli vera ráðherra og stjórnvöldum til ráðgjafar, og vinni m.a. að stefnumótun um starfsemi bókasafna, hafi umsjón með söfnun og úrvinnslu tölfræðilegra upplýsinga um bókasöfn, setji reglur um úthlutanir fyrir bókasafnasjóð og veiti umsögn um umsóknir um styrki úr sjóðnum, og sinni öðrum verkefnum sem ráðherra kann að fela ráðinu. Ráðgjafarnefnd um málefni almenningsbókasafna verður lögð af og munu verkefni hennar flytjast til Bókasafnaráðs.
- Lög um Blindrabókasafn Íslands eru felld inn í þessi lög og öll ákvæði um starfsemi þess einfölduð; jafnframt er nafni þess safns breytt í samræmi við aukið hlutverk þess við að veita öðrum þjóðfélagshópum nauðsynlega þjónustu.
- Þá er einnig lagt til að stofnaður verði bókasafnasjóður sem hafi það að markmiði að efla starfsemi bókasafna með því að styrkja rannsóknir, þróunar- og samstarfsverkefni í greininni.
- Loks er í tillögunum gert ráð fyrir skýrum heimildum til gjaldtöku vegna útlána, þjónustu og sekta.

*Athugasemdir við einstakar greinar tillögu að frumvarpi til bókasafnalaga*

Um 1. gr.

Í greininni er lýst þeim tilgangi laganna að efla starfsemi og samvinnu bókasafna til að tryggja hlutverk þeirra sem varðveislustofnanir menningararfs og einnig til að þau geti sem best þjónað samfélaginu sem þekkingarveitur fyrir allan almenning og hagsmunahópa, sem haldi upp virkri og fjölpætri upplýsingaþjónustu á sviðum vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og í lista- og menningarmálum.

Þessi skilgreining er nýmæli. Í 1. gr. laga nr. 36/1997 eru almenningsbókasöfn skilgreind sem upplýsinga- og menningarstofnanir, en ekki liggja fyrir í lögum viðlíka skilgreiningar á tilgangi starfsemi annarra bókasafna, utan þess sem segir um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn í 1. gr. laga nr. 142/2011. Vegna þeirra breytinga sem orðið hafa á starfsemi



bókasafna og í upplýsingamiðlun almennt í kjölfar tæknibyltinga síðast áratugar þykir rétt að leggja áherslu á miðlunarhlutverk þeirra sem þekkingarveitur sem halda uppi virkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu, sem mun verða eitt helsta verkefni bókasafna í framtíðinni. Er þessi skilgreining sett í lög in í samræmi við þær umræður sem m.a. hafa farið fram um upplýsingasamfélagið undanfarin ár.

Með þeim tilgangi laganna sem hér er lýst um eflingu starfsemi og samvinnu bókasafna er vísað til eðlis þeirra flokka bókasafna sem lög in fjalla um. Annars vegar er um að ræða mikilvægt varðveisluhlutverk safna eins og Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og ýmissa sérfræðisafna stofnana og jafnvel skóla, og hins vegar það þjónustuhlutverk sem er grundvöllur starfsemi flestra bókasafna í landinu, hvort sem þeim er ætlað að þjóna öllum almenningi eða sérstökum hópum, hvort sem eru starfsfólk og nemendur skóla, sérfræðisvið eða starfsfólk ákveðinna stofnana.

#### Um 2. gr.

Í greininni eru talin upp þau bókasöfn og þeir flokkar bókasafna sem lög in gilda um. Sérfræðisöfn sem falla undir lög in eru takmörkuð við söfn sem rekin eru af stofnunum á vegum ríkis eða sveitarfélaga, enda verður ekki séð að í lögum sem þessum sé hægt að setja reglur um starfsemi bókasafna á vegum aðila sem eru einkaréttarlegs eðlis. Þó má vænta þess að mörg slík bókasöfn leiti eftir þátttöku í ýmsu því samstarfi sem bókasöfn sem falla undir þessi lög efna til, og má ætla að slíkt samstarf geti orðið öllum til hagsbóta.

Þá er kveðið á um skyldur allra viðeigandi bókasafna til samstarfs og samvinnu og tekið fram að þau séu hluti af bókasafnakerfi landsins, sem skuli vinna saman og að því að safnkostur þeirra sé aðgengilegur öllum landsmönnum, eftir því sem við á. Í þessu samhengi er vert að vísa til ákvæða 6. gr., en jafnframt þeirra takmarkana á slíku almennu aðgengi sem geta leitt af ákvæðum 12. gr.

#### Um 3. gr.

Í II. kafla laganna er skipulag málefna bókasafna skilgreint nánar. Tekið er mið af *Guidelines on Library Legislation and Policy* sem vísað er til í almennum inngangi greinargerðar við samningu einstakra greina, og tekið tillit til íslenskra aðstæðna.

3. gr. er í samræmi við 12. gr. laga nr. 36/1997 um almenningsbókasöfn og 1. gr. laga nr. 142/2011 um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Flestar tegundir bókasafna falla undir stjórnslu mennta- og menningarmálaráðuneytis, þrátt fyrir að sérfræðisöfn einstakra ríkisstofnana kunní að heyra undir önnur ráðuneyti. Í samræmi við lög nr. 126/2011 (um breytingar á ýmsum lögum vegna heildarendurskoðunar á lögum um Stjórnarráð Íslands) er í öllum viðeigandi greinum þessa frumvarps hins vegar aðeins vísað til „ráðherra“. Með hliðsjón af því er eðlilegt að yfirumsjón með stefnumörkun og samræmingu í starfsemi bókasafna heyri undir ráðherra.

Sem dæmi um forystu menntamálaráðherra á þessu sviði síðustu ár má nefna að ráðherra hafði forgöngu um stofnun Landskerfis bókasafna með sameiginlegu skráningar- og þjónustukerfi allra bókasafna í landinu og setti ennfremur á stofn nefnd sem samdi um landsaðgang að fjölda gagnagrunna og tímarita sem allar tegundir bókasafn hafa sameinast um, og er þessi landsaðgangur einstakur í heiminum.

Þá er hér kveðið á um að bókasafnaráð skuli verða ráðherra og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni bókasafna, og er það m.a. í samræmi við hlutverk safnaráðs um málefni safna skv. safnlögum nr. 141/2011.

#### Um 4. gr.

Með lögum um almenningubókasöfn nr. 36/1997 var fellt niður ákvæði um bókafulltrúa í menntamálaráðuneytinu, sem annaðist málefni almenningubókasafna. Í 11. gr. laganna var kveðið á um ráðgjafar- og samstarfshlutverk Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns gagnvart almenningubókasöfnum með skírskotun til eldri laganna um stofnunina, en í ákvæðum 4. gr. nýrra laga nr. 142/2011 eru ákvæði er snúa að þessu hlutverki safnsins. Engu fé hefur þó verið veitt sérstaklega til Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns til að standa straum af þeim kostnaði sem kynni að fylgja þessu hlutverki. Einnig má deila um hversu heppilegt það sé að fela einni stofnun einhliða slíkar skyldur þó að vissulega sé hægt að krefjast vissrar forystu af þjóðbókasafni landsins.

Í gildandi lögum um almenningubókasöfn er kveðið á um að menntamálaráðherra skipi ráðgjafarnefnd um málefni almenningubókasafna, en þessi þriggja manna nefnd hefur ekki verið formlegur ráðgjafi um önnur mál en þau sem snúa að almenningubókasöfnum. Í ljósi reynslunnar á öðrum sviðum menningarmála (m.a. í málefnum minja- og listasafna) er talið eðlilegt að slík ráðgjafarnefnd fjalli um víðara svið, og að á slíkum vettvangi væri fjallað um málefni sem eru sameiginleg öllum bókasöfnum.

Því er lagt til að stofnað verði sérstakt ráð, bókasafnaráð, sem gegni þessu hlutverki. Lagt er til að bókasafnaráð verði skipað fulltrúum tveggja safnategunda sem talin eru upp í 2. gr. frumvarpsins, þ.e. almenningubókasafna og sérfræðisafna, og að Samband íslenskra sveitarfélaga og Upplýsing, félag bókasafns- og upplýsingafræða tilnefni einnig hvort sinn fulltrúa; loks skipi ráðherra einn fulltrúa án tilnefningar. Landsbókavörður og forstöðumaður Hljóðbókasafns Íslands (áður Blindrabókasafns Íslands) sitji einnig fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Ráðherra skipi einnig formann ráðsins og varaformann ú hópi stjórnarmanna. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti og aðalmenn. Þá er mælt fyrir um að ekki sé heimilt að skipa sama mann aðalman í bókasafnaráð lengur en tvö samfelld starfstímabil, og er það í samræmi við það sem almennt gildir nú um stjórnir og ráð á verksviði menntamálaráðuneytis. Skipun ráðsins og samsetning á sér að nokkru fyrirmyndir í skipun safnaráðs skv. safnalögum og í skipun stjórnar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns skv. lögum um það safn.

Bókasafnaráði eru ætluð ýmis verkefni skv. 5. gr. frumvarpsins, og því þarf að gera ráð fyrir greiðslu kostnaðar vegna starfsemi þess. Í greininni er því kveðið á um að kostnaður vegna bókasafnaráðs skuli greiðast úr ríkissjóði.

Þess ber að geta að með því að fella niður lög um almenningubókasöfn verður ráðgjafarnefnd um málefni almenningubókasafna lögð niður og munu verkefni hennar flytjast til Bókasafnaráðs.

#### Um 5. gr.

Í greininni er hlutverk bókasafnaráðs skilgreint nánar. Þýðingarmesta hlutverk ráðsins er að vinna að stefnumörkun um starfsemi bókasafna og vera ráðherra og stjórnvöldum almennt til ráðgjafar um málefni bókasafna, eins og fram kemur í 3. gr. Þá er gerð tillaga um að ráðið setji reglur um söfnun og úrvinnslu tölfræðilegra upplýsinga um starfsemi bókasafna hér á landi sem ráðherra staðfestir, að ráðið setji einnig bókasafnasjóði úthlutunarreglur sem ráðherra staðfestir og veiti loks umsögn um umsóknir um styrki úr sjóðnum. Tillagan um stofnun slíks sjóðs er í VI. kafla frumvarpsins.

Með þessum ákvæðum er hlutverk bókasafnaráðs gagnvart ráðherra, bókasafnasjóði og bókasafnamálum almennt ráðgefandi og því ætlað að leggja til ákveðinn grundvöll verkefna í málaflokknum með vinnu að stefnumörkun um starfsemi bókasafna og tillögum um reglur á ákveðnum sviðum. Ætla má að veiting umsagna um styrkumsóknir úr bókasafnasjóði og önnur verkefni skv. ákvörðun ráðherra verði helstu viðfangsefni ráðsins til framtíðar.

#### Um 6. gr.

Hér eru bókasöfn skilgreind sem þjónustustofnanir í þágu almennings sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni. Samkvæmt greininni skulu bókasöfn sem falla undir lögin leitast við að bjóða fjölbreytt safnefni og upplýsingar á mismunandi formi, t.d. prentuðu og rafrænu formi. Þá er kveðið á um að bókasöfn skuli leitast við að efla lestraráhuga, menntun, menningar- og vísindastarfsemi, íslenska tungu, upplýsingalæsi o.fl.

Miklar félagslegar og tæknilegar breytingar hafa átt sér stað í Þjóðfélaginu og þar með einnig í atvinnulífinu undanfarinn áratug með tilkomu Netsins og þess upplýsingamagns sem þar er að finna. Til að takast á við síbreytilegan heim tækni og upplýsinga er í vaxandi mæli lögð áhersla á upplýsingalæsi, en það er sú þekking og færni sem þarf til að afla, flokka og meta upplýsingar á gagnrýnninn og skapandi hátt. Upplýsingalæs einstaklingur er þannig betur en ella fær um að finna, meta og nota upplýsingar á árangursríkan hátt.

Þá er í greininni fjallað um það hlutverk bókasafnakerfisins að jafna aðgengi landsmanna að menningu og þekkingu. Er með því ákvæði vísað m.a. til hlutverks bókasafna við að greiða fyrir sem bestu aðgengi allra landsmanna að safnkosti bókasafna, t.d. með millisafnalánnum, skyldu þeirra gagnvart einstaklingum með fötlun og leshömlun, og loks þjónustu við einstaklinga sem eiga sér annað móðurmál en íslensku. Með ákvæðum greinarinnar er m.a. vísað til nauðsynjar þess að bókasöfn þjóni þessum hópum einstaklinga ekki síður en öðrum.

Loks er lögð áhersla á að safnkostur bókasafna endurspegli sem flest sjónarmið, og er þar m.a. vísað til hins almenna hlutverks þeirra að geta verið vettvangur ólíkra skoðana og lífsviðhorfa á öllum sviðum.

#### Um 7. gr.

Hér er fjallað um þá flokka bókasafna, sem lögin ná til. Sérstaklega kveðið á um hlutverk Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem forystusafns bókasafna landsins. Safninu er ætlað að veita öðrum söfnum faglegra ráðgjöf, örva þróunarstarf, sinna rannsóknnum og öðrum verkefnum skv. lögum um Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn nr. 142/2011.

Er heitið forystusafn notað hér til aðgreiningar við skilgreiningu höfuðsafna skv. safnalögum, þar sem vísað er til Listasafns Íslands, Náttúruminjasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands sem höfuðsafna, hvert á sínu sviði; þykir ekki ástæða til að efna til þess mögulega misskilnings, að sömu lög gildi um þessi ólíku svið, þ.e. málefni bókasafna annars vegar og málefni menningarminjasafna, náttúruminjasafna og listasafna hins vegar.

Hlutverk almenningsbókasafna er hér áréttað sérstaklega líkt og það er í gildandi lögum um almenningsbókasöfn nr. 36/1997. Þá er kveðið á um að sveitarfélögum sé skylt að standa að slíkri þjónustu, og er það í samræmi við gildandi lög.

Skólabókasöfn eru tilgreind í lögum um grunnskóla (nr. 91/2008) og lögum um framhaldsskóla (nr. 92/2008), enda teljast þau eðlilegur hluti þess aðbúnaðar sem sérhver skóli þarf til að geta gegnt hlutverki sínu. Almenn hlutverk þeirra er skilgreint innan ramma þessarar laga með svipuðu orðalagi og í ofangreindum lögum, þ.e. að það sé hlutverk þeirra að vera upplýsingamiðstöðvar fyrir nemendur og kennara og skuli m.a. þálfa nemendur og starfsfólk skóla í sjálfstæðri leit upplýsinga.

Loks eru sérfræðisöfn og bókasöfn stofnana skilgreind sem þekkingarmiðstöðvar á þeim sviðum sem þau eru sköpuð til að þjóna. Gildi slíkra safna mun aukast í náinni framtíð eftir því sem þekkingu og sérhæfingu á ýmsum sviðum fleygir fram, og því er talið rétt að skilgreining sem þessi sé fest í lög.

#### Um 8. gr.

Greinin er að mestu samhljóða 7. og 8. gr. gildandi laga um almenningsbókasöfn. Hér er kveðið á um að yfir almenningsbókasafni skuli vera stjórn, en ekki er talin þörf á að kveða á um tiltekinn fjölda stjórnarmanna og er sú ákvörðun í höndum sveitarstjórnar. Þá er sveitarstjórnnum veitt heimild til að skipa eina stjórn sem fer með málefni sumra eða allra

bókasafna sveitarfélagsins. Loks er algengt að sveitastjórnir feli sömu fastanefnd að vera stjórn fleiri en einnar menningarstofnunar á sínum vegum, og standa ákvæði greinarinnar ekki í vegi fyrir því að svo verði áfram.

Einnig er hér undirstrikuð ábyrgð bókasafnsstjórnar á því að fagleg sjónarmið séu höfð að leiðarljósi í starfi safnanna og þess gætt að unnið sé eftir lögum og reglugerðum. Skal stjórn almenningsbókasafns vera málsvari safnsins í samræmi við almennt hlutverk stjórna stofnana sem reknar eru í þágu almennings.

#### Um 9. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 3. gr. og 2. mgr. 9. gr. gildandi laga um almenningsbókasöfn. Þar er kveðið á um heimild sveitarfélaga til að sameinast um rekstur almenningsbókasafns í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga. Slíkt samstarf skal ákveðið með samstarfssamningi og í honum skal kveða á um skiptingu kostnaðar og aðild hvers sveitarfélags að stjórn safnsins og verkefni stjórnar.

#### Um 10. gr.

Greinin er efnislega samhljóða 4. gr. laga um almenningsbókasöfn.

Hér er sveitarfélögum veitt heimild til að sameina almenningsbókasafn og skólasafn grunnskóla. Um slíka sameiningu skal gera skriflegan samstarfssamning á milli bókasafnsstjórnar og skólanefndar og skal hann samþykktur af hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnnum.

Sambærileg heimild er til sameiginlegs rekstrar almenningsbókasafns og skólasafns framhalds- eða háskóla, þegar slíkt er talið henta.

Mikilvægt er að þegar almenningsbókasafn og skólasafn eru rekin saman sé vel séð fyrir aðgengi almennings að safninu utan skólatíma og að tekið sé tillit til hagsmuna beggja notendahópa, þ.e. skólanemenda og almennings, þannig að önnur safnategundin yfirgnæfi ekki hina.

Í öllum tilvikum er eðlilegt að tillit sé tekið til sérstaks eðlis hvernar tegundar bókasafns. Í þessu sambandi má einnig benda á að heppilegt kann að vera að safnkostur sé aðgreinanlegur með það að markmiði að unnt sé að aðskilja safnkostinn ef bókasöfnin verða aðskilin síðar.

#### Um 11. gr.

Í greininni er tekið fram að forstöðumaður bókasafns skuli hafi lokið prófi í bókasafns- og upplýsingafræði, sé þess kostur að ráða starfsmann með slíka menntun til starfans. Í ákvæðinu felst þó ekki skylda til þess að ráða forstöðumann sem lokið hefur prófi í faginu.

Þá er lagt til að tryggja skuli eftir föngum að bókasöfn hafi á að skipa starfsfólki sem hafi sérmenntun sem hæfi verkefni safnanna og loks að búnaður bókasafna, húsnæði og safnkostur taki mið af hlutverki þeirra.

#### Um 12. gr.

Í greininni segir að þeim bókasöfnum sem fyrst og fremst eiga að þjóna ákvæðinni stofnun eða stofnunum sé heimilt að setja reglur um aðgang almennings að safnkostinum. Þannig má m.a. setja reglur um forgang starfsmanna og nemenda stofnunarinnar að safnkostinum umfram aðra aðila, eða aðrar reglur um takmörkun á aðgengi annarra en safnkostinum er ætlað að þjóna.

Ennfremur er slíkum bókasöfnum veitt heimild til að krefjast tryggingarfjár þegar safnkostur er lánaður í millisafnaláni eða af öðrum ástæðum til þess að tryggja að umræddum verkum verði skilað og þjónustan sé safninu að skaðlausu.

Loks er í greininni kveðið á um heimild til handa bókasöfnum til að hafa samstarf sín á milli með það að markmiði að rækja hlutverk sitt með sem bestum hætti. Dæmi um slíkt

samstarf eru sameiginlegt skráningarkerfi, millisafnalán o.fl. og geta bókasöfn gert sérstaka þjónustu- og samstarfssamninga sín á milli þar að lútandi.

#### Um 13. gr.

Þar sem gera má ráð fyrir að ekki sé alltaf hagkvæmt að öll bókasöfn sinni sértækri þjónustu er gert ráð fyrir að ráðherra geti gert þjónustusamninga við tiltekin bókasöfn eða aðra um að sinna ákveðinni þjónustu. Sem dæmi um slíka þjónustu við tiltekna hópa má t.d. nefna uppbyggingu bókakosts fyrir afmarkaða hópa íbúa sem eiga sér annað móðurmál en íslensku, lesblinda, tækniþjónustu o.s.frv. Áður en slíkir samningar eru gerðir skal leitað umsagnar bókasafnaráðs.

Þegar gerðir eru þjónustusamningar um sértæka þjónustu á ákveðnu sviði skulu verkefni skilgreind í samningnum, en auk þess skal kveða á um hvernig viðkomandi verkefnum skuli stjórnað, hver beri ábyrgð á þeim, lengd samningstíma og hvernig úttekt á árangri skuli fara fram. Þá skal einnig gerð grein fyrir því í samningnum hvernig greiðslum vegna þjónustunnar skuli háttað.

Þessi heimild er nýmæli í lögum og gæti auðveldað framkvæmd ýmissa verkefna sem horfa til framþróunar á starfssviðum bókasafna.

#### Um 14. gr.

Skipulag söfnunar tölfraðilegra upplýsinga um bókasafnamál hefur verið nokkuð á reiki hér á landi a.m.k. síðasta áratug. Sérfræðisöfnin hafa sum skilað tölfraðilegum upplýsingum til Hagstofu Íslands, en almenningsbókasöfn og skólasöfn hafa skilað slíkum upplýsingum til mennta- og menningarmálaráðuneytis (eða aðila sem það hefur falið verkefnið skv. þjónustusamningi) í samræmi við ákvæði 12. gr. gildandi laga um almenningsbókasöfn. Þá hefur mjög verið litið til þess að hægt verði að draga slíkar upplýsingar með samræmdum hætti úr almennu skráningarkerfi bókasafna, [www.gegnir.is](http://www.gegnir.is), sem rekið er af fyrirtæki í sameiginlegri eigu ríkis og sveitarfélaga, Landskerfi bókasafna hf.

Hér er gert ráð fyrir að samhæfa þessa upplýsingasöfnun þannig að öll bókasöfn skili skýrslum um fjármál sín og starfsemi til ráðuneytisins í samræmi við reglur sem bókasafnaráð setur og ráðherra staðfestir. Ráðuneytið getur hins vegar kosið að fela öðrum það verkefni er hér um ræðir með þjónustusamningi þar að lútandi í samræmi við heimild til slíkra samninga skv. 13. gr.

#### Um 15. gr.

Í IV. kafla er fjallað um Hljóðbókasafns Íslands, en hér er um að ræða breytingu frá fyrra heiti viðkomandi safns, sem hefur verið Blindrabókasafn Íslands. Byggir tillagan um hið nýja nafn á þeirri þróun sem orðið hefur í starfsemi safnsins undanfarinn áratug, m.a. vegna örra tæknibreytinga, svo og þeim breiða hópi sem nú nýtur þjónustu safnsins, þ.e. blindir, sjónskertir, lesblindir o.fl.

Í greininni er fjallað um hlutverk bókasafnsins. Sérstaða þess er að því er skylt að sjá þeim fyrir bókasafnsþjónustu sem ekki geta fært sér prentað letur í nyt. Því er þar með einkum ætlað þjónustuhlutverk við afmarkaðan hóp þeirra sem ekki geta nýtt sér hefðbundinn safnkost annarra bókasafna og skal það miðla fjölbreyttu safnefni, þ.á.m. námsgögnum, á öðru formi en hefðbundnu prentuðu letri, t.d. með hljóðritunum. Ákvæðið er efnislega samhljóða 1. gr. gildandi laga um Blindrabókasafn Íslands nr. 35/1982.

Fyrri hluti 2. mgr. er samhljóða 2. mgr. 2. gr. í gildandi lögum um Blindrabókasafn Íslands, en í síðari hluta greinarinnar er safninu veitt heimild til að gera þjónustu- og samstarfssamninga við utanaðkomandi aðila til að rækja hlutverk sitt sem best. Er slík heimild talin eðlileg í ljósi þess að í sumum tilvikum kunnað slíkir aðilar að vera betur hæfir, m.a. vegna tækjábúnaðar eða aðstöðu, til að veita ákveðna þjónustu og jafnvel gegn lægra verði.

Síðasta málsgreinin er samhljóða 8. gr. laga um Blindrabókasafn Íslands. Hér er einnig tekið fram að öðrum tekjum safnsins skuli verja í þágu þess. Með tekjum stofnunarinnar er átt við mögulegan hagnað af verkefnum sem safnið kann að taka að sér að vinna og ekki eru einskorðuð við þarfir blindra og sjónskertra. Þá getur einnig verið um að ræða tekjur af sölu á eintökum bóka eða námsgagna til einstaklinga eða stofnana, styrki til safnsins o.fl.

Um 16. gr.

Greinin er samhljóða 6. gr. laga um Blindrabókasafn Íslands nr. 35/1982 og þarfnast ekki skýringa (utan þess sem fylgir breytingu á nafni safnsins).

Um 17. gr.

IV. kafli fjallar um fjármál bókasafna.

Í 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um að framlög til almenningsbókasafna skuli ákveðin í árlegri fjárhagsáætlun hvers sveitarfélags. Mikilvægt er að bókasöfnum sé skapaður viðunandi rekstrargrundvöllur og því er stjórnendum bókasafna mikilvægt að fá upplýsingar um það hver árleg framlög til safnanna verði. Ekki er kveðið á um ákveðnar fjárhæðir sem sveitarfélög skuli leggja bókasöfnum til, en einungis lögð sú skylda á sveitarfélög að tekin sé ákvörðun um framlögin við gerð fjárhagsáætlunar.

Í 2. mgr. er með sama hætti ákvæði um að í árlegum fjárhagsáætlunum skóla og annarra stofnana sem slíkt á við um skuli kveðið á um framlög til bókasafns viðkomandi skóla eða stofnunar. Er stjórnendum slíkra safna mikilvægt að fá upplýsingar um hver framlög til bókasafnsins verða á næstkomandi fjárhagsári til þess að unnt sé að efla safnkost og stuðla að hagkvæmni í rekstri.

Mælt er með því að skapað verði svigrúm til þess að bókasöfn geti í auknum mæli aflað sértekna, sem m.a. gætu falist í því að fá styrktaraðila til að borga áskrifur ákveðinna tímarita og/eða gagnagrunna o.fl. Til að slíkt svigrúm skapist þykir nauðsynlegt að kveða á um að fjárframlög til bókasafna verði frádráttarbær til skatts skv. 2. tölulið 31. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003. Sambærilegt ákvæði er að finna í safnalögum nr. 141/2011.

Um 18. gr.

Mörg bókasöfn hér á landi hafa tekið gjald fyrir ýmsa þætti þjónustu sinnar um árábil, en skýrt heimildarákvæði til slíkrar innheimtu hefur þótt skorta í lög. 16. júní 2011 tók gildi nýtt ákvæði af þessu tagi með breytingu á lögum um almenningsbókasöfn (lög nr. 69/2011), en með þessari grein tekur slíkt ákvæði til allra flokka bókasafna sem lögin ná til.

Þá er einnig kveðið á um að bókasöfnum sé heimilt að innheimta dagsektir fyrir afnot safnefnis fram yfir skilafrest og bætur fyrir glatað safnefni, og með hvaða hætti slíkar bætur skuli ákveðnar. Stjórnendur bókasafna hafa komið fram með þau sjónarmið að það hámark dagsekta sem er að finna í 14. gr. gildandi laga um almenningsbókasöfn (4.000 kr.) sé allt of lágt til að slíkar sektir hafi tilætluð varnaðaráhrif of skili þeim árangri sem að er stefnt, sérstaklega þegar vanskil eru vegna margra bóka eða annars safnkosts, og því er lagt til að umrætt ákvæði um hámark dagsekta verði fellt brott. Þá er lagt til að safn geti lagt sérstakt álag á sektir eða bætur skv. þessari grein ef um mikilvægt efni er að ræða.

Loks segir í greininni að gjaldskrár skv. ákvæðum greinarinnar skuli birta með aðgengilegum hætti.

Um 19. gr.

Í VI. kafla frumvarpsins er lagt til að stofnaður verði bókasafnasjóður, sem hafi það hlutverk að efla starfsemi bókasafna með því m.a. styrkja rannsóknir og þróunar- og samstarfsverkefni á sviðið bókasafna- og upplýsingamála. Er þetta nýmæli í lögum.

Í lögum um almenningubókasöfn nr. 36/1997 var ákvæði til bráðabirgða sem gerði ráð fyrir árlegu framlagi úr ríkissjóði til að stuðla að því að almenningubókasöfn yrðu fær um að bjóða þjónustu sem styddist við nútímatækni og til að greiða fyrir tengingu bókasafna landsins í stafrænt upplýsinganet.

Samtals bárust 124 umsóknir með beiðni um framlög að upphæð 65-70 milljónir króna. Almenningsbókasöfnum voru veittir alls 63 styrkir, samtals að upphæð 20 m.kr., m.a. til að kaupa tölvubúnað og tengingar við Netið, námskeið o.fl. (51 styrkur, samtals 12,8 m.kr.) og til annarrar þróunarstarfsemi svo sem náms, námsefnisgerðar og námskeiða, til þess að semja fræðsluefni og handbækur og til þess að byggja upp gagnagrunna (12 styrkir, samtals 7,2 m.kr.).

Við framkvæmd þessa verkefnis kom berlega í ljós þörfin fyrir styrki til þróunar- og samstarfsverkefna bókasafna. Fullyrða má að skortur á fé til sameiginlegra verkefna þeirra hafi staðið frekari þróun bókasafna hér á landi fyrir þrifum hin síðari ár.

Félög á sviði bókasafns- og upplýsingafræða bentu ítrekað á þessa staðreynd og lögðu til að stofnaður yrði bókasafnasjóður eða þróunarsjóður bókasafn þegar umræddu tímabili skv. bráðabirgðaákvæðinu lyki (en það gildi um fimm ára skeið, 1997-2001). Hefur verið bent á að fjárveitingar úr slíkum sjóði væru í samræmi við hlutverk sambærilegra sjóða sem sinna þróunarmálum samhliða öðrum verkefnum á öðrum sviðum, s.s. safnasjóð, fornleifasjóð og húsafriðunarsjóð.

Í greininni er því lagt til að slíkur sjóður verði settur á stofn og fjallað um hlutverk hans og til hvers styrkjum hans skuli varið.

Lagt er til að tekjur bókasafnasjóðs verði til með sama hætti og tekjur safnasjóðs skv. gildandi safnalögum og nýjum safnalögum nr. 141/2011, sem taka gildi 1. janúar 2012, þ.e. einkum með framlagi ríkissjóðs sem ákveðið er á fjárlögum.

#### Um 20. gr.

Bókasafnaráði ber skv. 5. gr. að setja sjóðnum sérstakar úthlutunarreglur og skulu þær hljóta staðfestingu ráðherra. Er þetta fyrirkomulag með sama hætti og skal gildir um safnasjóð skv. safnalögum nr. 141/2011, og fyrirhugað er að gildi einnig um fornminjasjóð og húsafriðunarsjóð skv. frumvarpi til laga um menningarminjar.

Í greininni felst einnig heimild til að krefjast endurgreiðslu styrks ef talið er að verkefnið hafi ekki unnið í samræmi við umsókn, skilmálum sjóðsins hafi ekki verið fylgt eða lokaskýrslu um verkefnið hafi ekki verið skilað innan tilskilins tíma; öll eru þessi ákvæði ætluð til að tryggja aðhald og eftirfylgni með styrkum úr sjóðnum.

Styrkir úr bókasafnasjóði skulu vera undanþegnir tekjuskatti, líkt og styrkir úr húsafriðunarsjóði eru skv. 16. gr. laga nr. 104/2001 um húsfriðun.

#### Um 21. – 22. gr.

Í þessum síðasta kafla laganna er að finna almenn ákvæði sem lúta að heimild ráðherra til að setja reglugerðir, gildistöku laganna og lög sem falla úr gildi samatímis þeirri gildistöku. Þessar greinar þarfnast ekki frekari skýringa.